




Reykjavík, 16. október 2024

USK24050232

## Kvisthagi 4 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Kvisthaga 4 borgarhluta 1 Vesturbæ og er hluti af íbúðarsvæði ÍB3 Hagar.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag, samþykkt 11. júní 1948, ásamt síðari breytingum.

### Umsögn

Húsið á lóð nr. 4 við Kvisthaga er íbúðarhúsnæði á þrem hæðum, byggt árið 1957. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á hvort að heimilt sé að byggja þann bílskúr sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi framar á lóðinni. Í vesturbænum er byggðin nokkuð gróin og mikilvægt að halda í það byggðarmynstur sem er fyrir. Ekki er hefð fyrir því að bílskúrar séu staðsettir framarlega a lóðum og því ekki mælt með því að heimila byggingu bílskúrs fremst á lóðinni að Kvisthaga 4 auk þess sem það samræmist ekki deiliskipulagi.

### Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið, samræmist ekki deiliskipulagi né byggðarmynstri.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar

verkefnastjóri

*Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*